

Alþingi
Erindi nr. P 143/569
komudagur 6.12.2013

Nefndarsvið Alþingis
Umhverfis-og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík

Reykjavík 6. desember 2013

Efni: Umsögn vegna máls 167. Brottfall laga um náttúruvernd, nr 60/2013.

Óskað er umsagnar Lands sambands veiðiféla vegna frumvarps umhverfisráðherra á þingskjali 167 um brottfall nýrra laga um náttúruvernd sem taka eiga gildi 1. apríl 2014. Lands samband veiðifélaga vísar til fyrri umsagna lands sambandsins þegar frumvarp til nýrra náttúruverndarlaga var til meðferðar Alþingis.


Lands sambandið lýsir yfir stuðning við að ný lög um náttúruvernd verði felld úr gildi og unnið verði að heildarendurskoðun gildandi laga í sátt og samráði við hagsmunaaðila. Lands sambandið telur að þau átök sem urðu við meðferð laga um náttúruvernd nr. 60/2013 ekki til þess fallinn að skapa sátt og víðtækan stuðning við hvernig skuli standa að vernd íslenskrar náttúru. Þá átök mátti rekja til þess að ekkert samráð var haft við hagsmunaaðila um gerð frumvarpsins og ýmis ákvæði laganna bera þess vitni.

Lands samband veiðifélaga leggur áherslu á að landeigendur eru vörslumenn náttúrunnar og hafna því sjónarmiði sem lesa má úr lögnum 60/2013, að náttúra landsins innan eignarlanda verði vart vernduð nema með boðum og bönum. Lands sambandið telur á hinn bóginn að ákvæði vanti í lögum 60/2013 sem gera landeigendum kleyft að verja land sitt fyrir vaxandi átroðningi.

Þá lýsir lands sambandið andstöðu við þá fyriræltan í lögnum 60/2013 að fella brott ákvæði í vatnalögum um umferðarrétt almennings á vötnum. Sérstaklega er mótmælt ákvæðum um þau efni eins og þau koma fyrir í lögum nr. 60/2013. Lands sambandið telur þau ákvæði fráleit og leiði til þess að almannaréttur verði settur ofar friðhelgi eignarréttar eins og hann er varinn í stjórnarskrá.

Lands samband veiðifélag leggur þunga áherslu á, að við frumvarpsgerð til nýrra náttúruverndarlaga verði haft víðtækt samráð við landeigendur, þannig að skapa megi sátt og samstöðum um þennan mikilvæga málaflokk.

f.h. Lands sambands veiðifélaga



Óðinn Sigbórsson formaður LV